

9. Fljótshnjúksvirkjun¹

Megin miðlun virkjunar fæst með stíflu Skjálfandafljóts vestur af Steinfelli, um 5 km sunnan við Laufrönd. Yfirfallshæð í lóni er áætluð 742 m y.s. og lónrými um 110 Gl. Inntakslón virkjunar er myndað með stíflu í fljótinu ofan Syðra Fljótsgils um það bil er Jökulfall sameinast því. Yfirfallshæð um 688 m y.s. og lónrými um 50 Gl. Úr inntakslóni er veitt í göngum í sveig í NA-átt út á Ytra múla. Öxnadalsá yrði veitt með stuttum og grunnum skurði yfir í drög Hraunár og þeim báðum ofan í göngin. Virkjun yrði neðanjarðar í Ytri-Múla.

Yfirlitstafla

Einkennisstærðir	Fljótshnjúksvirkjun
Rennsli til virkjunar (m ³ /s)	25,3
Vatnasvið (km ²)	802
Yfirfallshæð í miðlun (m)	742/688 ₁
Flatarmál lóna (km ²)	11,4+6,8 ₁
Miðlun (Gl)	110+50 ₁
Lengd ganga (km)	22
Lengd stíflna (m)	2.400+3.300 ₁
Mesta hæð “ (m)	28/30 ₁
Afl (MW)	58
Orkugeta (GWh/a)	405
Stofnkostnaður Mkr	16.340
Stofnk/orkuein. (kr/(kWh/a))	40,3

1 Fljótshaga- og Stóruflæðulón

Landslag er fremur flatt á lónstæðunum, mótað af rofi jökla, en á neðri hluta svæðisins hefur fljótið grafið sig niður í gegnum staflann, og fellur 250 til 300 m á fremur stuttum kafla. Svæðið er í heild hrjóstrugt og gróður að mestu bundinn við lægðir og lækjardrög. Skjálfandafljót verður að mestu fært úr farvegi sínum á um 30 km kafla. Inn á þennan árkafla koma Kiðagilsdrög að vestan. Þekktasta gróðursvæðið á þessu svæði, Laufrönd, er langt utan áhrifasvæðis virkjunar.

Í forathugun virkjunar Skjálfandafljóts var kannað hvort hagkvæmt væri að veita Kiðagilsdrögum til inntakslónsins, en svo reyndist ekki vera. Einnig var könnuð hagkvæmni miðlunar í norðanverðu Vonarskarði, en það reyndist heldur ekki svara kostnaði, enda eftir litlu að slægjast þar.

¹ Hönnun hf. 2002. *Virkjanir í Skjálfandafljóti ofan Bárðardals. Forathugun.* Orkustofnun, OS-2002/061.

